

73. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 21. febrúar 2013, kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Indriði Þórsoddsson, Reimar Sigurjónsson, Ólöf Armundsdóttir, Ævar Rafn Marinósson, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 72

Lögð fram til kynningar

2. Fundargerð landbúnaðarnefndar dags. 5. febrúar 2013

Lögð fram til kynningar

Liður 5 í fundargerð er tillaga landbúnaðarnefndarinnar að svari við bréfi frá Marinó Jóhannssyni og Brynhildi Óladóttur. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð fræðslunefndar dags.13. febrúar 2013

Lögð fram til kynningar

4. Nefnd um skipulag Eyþings og sóknaráætlun, fundargerðir 1, 2 og 3

Lagðar fram til kynningar

5. Skýrsla sveitarstjóra

- Sveitarstjóri sagði frá samskiptum sem hann er búinn að eiga við eiganda Langanesvegar 2. Hugmyndir um notkun hússins ræddar.
- Sveitarstjóri sagði frá því að hann hefði fengið fyrirspurn um hvað væri bæjarfjall Langanesbyggðar. Það væri verið að gefa út bók um um fjallgöngur og ferðalög. Sveitarstjórn telur að Gunnólfsvíkurfjall sé bæjarfjall Langanesbyggðar. Sveitarstjóra falið að svara þessu erindi. Samþykkt samhljóða.
- Sveitarstjóri sagði frá að verið væri að vinna við nýjan samning við ÍSAVÍA.
- Sveitarstjóri sagði frá að búið væri að opna tilboð í hafnarframkvæmdir á Þórshöfn og Bakkafirði og að Siglingarstofnun væri að yfirfara tilboðin. Samhliða þessu sagði Indriði frá viðgerð á flotbryggjunnar á Bakkafirði. Er komið að smá viðhaldi á henni. Spurning um að láta kafara skoða þetta öryggisins vegna.
- Sveitarstjóri kynnti síðustu samskipti við EFS. Sigríður fór yfir ferilinn og stöðu mála. EFS óska eftir því að gerðar verði viðbætur við 3 ára áætlun og samþykktar í sveitastjórn. EFS er ekki að gera athugasemd við 3 ára áætlunina heldur vill að hún sé vísitölutengd en ekki unnin á föstu verðlagi. Málið hefur verið unnið í samstarfi við Magnús endurskoðanda hjá KPMG og verður viðbót við 3 ára áætlun, vísitölutengd áætlun, lögð fyrir sveitarstjórn á næsta sveitarstjórnarfundi.

6. Afrit á bréfi Skipulagsstofnunar dags.12. febrúar 2013

Í bréfinu sem Skipulagsstofnun er að senda Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu kemur fram .“Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur hvorki form-né efnisgalla á aðalskipulaginu og mælir með staðfestingu þess,,

Lagt fram til kynningar.

7. Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar dags. 7. febrúar 2013

Lagt fram til kynningar

8. Bréf vegna landsþings samband íslenskra sveitarfélaga og boðun á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Lagt fram til kynningar

9. Erindi frá UMFÍ.

Erindinu vísað til íþróttar og tómstundaneftndar. Samþykkt samhljóða.

10. Samantekt vegna íbúafundar um skólamál.14. febrúar 2013

Lagðir fram punktar af íbúafundinum um skólamál á Bakkafirði sem haldinn var á Bakkafirði þann 14. febrúar sl. Ýmis atriði í tengslum við þá ræddir.

Ákveðið að fela sveitarstjóra og skrifstofustjóra að skoða möguleikana á að styrkja tómstundaakstur ungmenna í Langanesbyggð og koma með tillögu um það á næsta sveitarstjórnarfund.

11. Minnispunktar vegna nýs leikskóla

Farið yfir minnispunktana. Sveitarstjóra falið að setja sig í samband við sveitarfélagið Fjarðabyggð og kanna hvernig þessi vinna gekk fyrir sig hjá þeim við bygginguna á leikskólanum á Fáskrúðsfirði.

Næsta skref er að fá fagaðila á staðinn og koma með tillögur. Þarf að passa upp á að að hönnunin sé raunhæf og að byggingin verði kostnaðarlega séð ekki óviðráðanleg.

Sveitarstjóri óskaði eftir því að sveitarstjórn samþykkti að setja 1 milljón í þetta verkefni til að geta haldið áfram og að það sé tekið af áætluðum rekstrarafgangi árið 2013. Samþykkt samhljóða.

12. Hallgilsstaðir.

Farið var yfir drög að leigusamning. Einnig var lög fram tillaga að auglýsingu vegna leigu á jörðinni. Samþykkt að auglýsa jörðina til leigu út frá þessum forsendum. Samþykkt samhljóða.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:40